

Ályktun stjórnar Landssamtakanna Proskahjálpar.

Fjárlagafrumvarp og örorkulífeyrir.

Stjórn Landssamtakanna Proskahjálpar lýsir miklum vonbrigðum með að meirihluti fjárlaganefndar skuli hafa lagt til að þeir 4 milljarðar kr. sem gert var ráð fyrir að færu til að bæta stöðu öryrkja á árinu 2019 samkvæmt fjárlagafrumvarpi verði lækkaðir um 1,1 milljarð kr. Stjórnin skorar á Alþingi að samþykkja ekki þá tillögu.

Þá ítrekar stjórn samtakanna þá augljósu réttlætiskröfu að ekki seinna en um ármótin 2018 - 2019 verði grunnörorkulífeyrir hækkaður verulega og aldurstengd uppbót komi ofan á grunnlífeyri. Samhliða því verði afnumið ákvæði um sérstaka framfærsluuppbót.

Greinargerð.

Í fjárlagafrumvarpi 2019 sem ríkisstjórnin lagði fram var gert ráð fyrir að að 4 milljarðar kr. færu á árinu 2019 til að bæta stöðu þeirra sem fá örorkubætur. Öllum sem til þekkja má ljóst vera að sú fjárhæð dugar alls ekki til að leiðrétta þá mismunun og það óréttlæti sem öryrkjar hafa mátt þola. Það var því eins og köld vatnsgusa þegar fréttir bárust af því að meirihluti fjárlaganefndar legði til að sú fjárhæð yrði lækkuð í 2,9 milljarða kr. á árinu 2019. Vinnubrögð af þessu tagi eru augljóslega alls ekki til þess fallin að skapa sátt um að einfalda bótakerfið, tryggja framfærslu örorkulífeyrisþega og efla þá til samfélagsþátttöku, eins og ríkisstjórnin segist ætla að gera í stefnuýfirlýsingu sinni. Stjórn Proskahjálpar skorar því eindregið á Alþingi að hafna tafarlaust þessari tillögu.

Mánaðarlegar greiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra öryrkja sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga eru nú 238.594 krónur. Að frádregnum skatti eru það 204.352 krónur. Þeir sem búa einir, sem eru u.þ.b. 30% öryrkja, fá til viðbótar svokallaða heimilisuppbót. Greiðslur til þeirra eru þá 300.000 krónur og ráðstöfunartekjur 243.075 krónur. Með tilkomu framfærsluuppbótar sem tryggði öllum lágmarksgreiðslu hvarf í raun og veru að mestu leyti sá sérstaki stuðningur sem aldurstengda uppbótin átti að veita þeim sem urðu öryrkjar ungir og áttu þar af leiðandi lítinn sem engan rétt hjá lífeyrissjóðum auk þess sem eignastaða þeirra var yfirleitt allt önnur og verri en almennt gerist um fólk á sama aldri. Skerðingarhlutfall framfærsluuppbótar er 100% og frítekjumark er ekkert þannig að vegna hvernar krónu sem viðkomandi aflar skerðist sama fjárhæð, það er með svokallaðri krónu á móti krónu skerðingu.

17. nóvember 2018.